

## Tillögur frá sjávarútvegsnefnd til afgreiðslu

1. Aðalfundur LS krefst þess að aflaheimildir til línuvílnunar verði aukin og hún gildi um alla dagróðrabáta.
2. Aðalfundur LS krefst þess að færaveiðar á makríl verði gefnar frjálssar.
3. Aðalfundur LS leggur til að heimiluð verði löndun á hvítlúðu (lúðu) sem meðafla enda sé ekki um beina sókn að ræða.
4. Aðalfundur LS leggur til að afnumið verði hámark á heildarafla til strandveiða.
5. Aðalfundur LS leggur til að breytingar á lögum um stjórn fiskveiða á ákvæði um strandveiðar verði ekki leyfðar daginn eftir sjómannadag.
6. Aðalfundur LS styður framkomnar tillögur strandveiðinefndar LS, veiði verði heimiluð 4 daga í viku, 4 rúllur, 650 þorskígildi, svæðaskipting óbreytt, enginn hámarksafli enda skilyrt að aflinn verði tekinn utan aflamarks.
7. Aðalfundur LS mótmælir kvótasetningu á blálöngu
8. Aðalfundur LS skorar á ráðherra að auka steinbítsheimild úr 7.500 í 12.000 tonn.
9. Aðalfundur LS skorar á sjávarútvegsráðherra að auka veiðiheimildir í þorski og ýsu auk þess að gefa færaveiðar á ufsa frjálssar.
10. Aðalfundur LS leggur til að síldveiðar í lagnet verði leyfðar öllum smábátum óháð landsvæðum.
11. Aðalfundur LS hvetur til góðrar umgengni við nótaveiðar í Breiðafirði

12. Aðalfundur LS skorar á ráðherra að auka við ýsukvótann strax. Gríðarlegt magn er af ýsu á grunnslóð og eiga línubátar erfitt með að sneiða hjá henni.
13. Aðalfundur LS skorar á sjávarútvegsráðherra að auka nú þegar við veiðiheimildir í ýsu og jafnframt að taka upp ívilnun á ýsu sem veidd er á króka.
14. Aðalfundur LS skorar á sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir því að heimild eiganda um tilgreiningu tegunda til jöfnunar verði felld út. Ákvæðið sem um ræðir er í 4. mgr. 9. gr. laga um stjórn fiskveiða.  
Ástæða beiðninnar er að gera skiptimarkað aftur virkan.
15. Aðalfundur LS krefst þess að 9. gr. laga um stjórn fiskveiða verði tekin til endurskoðunar m.t.t. þess að gefin sé annar kostur við verndun einstakra fisktegunda en kvótasetning með aflahlutdeild.